



SPROTASJÓÐUR

leikskólar - grunnskólar - framhaldsskólar

Fjölmenningarstarf Leikskólans Akurs

Skólaárið 2016-2017

Lokaskýrsla

Verkefnastjórar:

Karólína S. Sigurðardóttir
Kriselle Lou Suson Jónsdóttir

Umsjónarmenn:

Guðrún Lilja Jónsdóttir
leikskólastjóri
Sigrún Gyða Matthíasdóttir
framkvæmdastjóri



Inngangur

Börnum með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn hefur fjölgað umtalsvert hérlendis á síðustu árum. Þess vegna er mikilvægt að leikskólasamfélagið sé meðvitað um að börn með ólíkan menningarbakgrunn tilheyra alls ekki einsleitum hópi og leikskólastarfið þarf nauðsynlega að endurspeglar þennan fjölbreytileika. Leikskólar eiga samkvæmt lögum og aðalnámskrá að leggja áherslu á jafnrétti sem og að koma til móts við þarfir allra barna.

Við tvær voru ráðnar í hlutastarf til þess að stýra fjölmeningarstarfinu í Leikskólanum Akri fyrir skólaárið 2016-2017. Verkefni þetta felur í sér að búa til markvisst fjölmeningarstarf sem fagnar fjölbreytileikanum á Akri þar sem þörfin er til staðar. Haustið 2016 bjuggu 25% barnanna í leikskólanum við fleiri en eitt tungumál (31 börn af 123). Þetta eru börn sem eiga annan eða báða foreldra sem eru af erlendum uppruna, eru fædd og/eða hafa búið erlendis, eiga foreldra sem eru tvítyngd, tala aðrar mállýskur auk móðurmála sinna og/eða pidgin mál (einfölduð tungumál úr tveimur tungumálum) eða eiga afa og/eða ömmu sem talar önnur tungumál við þau en foreldrarnir.

Markmið fjölmeningarstarfsins eru að:

- efla þekkingu og reynslu kennara sértaklega hvað varðarmenntun barna með ólíkar þarfir .
- styðja náms- og félagslega stöðu leikskólabarna sem búa við fleiri en eitt tungumál
- efla samskipti við foreldra og styrkja þá í hlutverki sínu.
- þróa mismunandi leiðir sem hafa það að markmiði að stuðla að og efla skólaumhverfi sem endurspeglar og fagnar fjölbreytileikanum.
- þróa jákvæð viðhorf og þekkingu starfsfólks, foreldra og barna gagnvart fjölbreytileikanum.
- að styðja við virkt tví- og fjöltyngi barnanna.

Áætlaður afrakstur verkefnis

Reykjanesbær er hlutfallslega næst stærsta fjölmeningarsamfélag á Íslandi. Staða tví-/fjöltyngdra barna í skóla samkvæmt íslenskum rannsóknum er slök og þau börn sem eru af erlendum uppruna eru jafnvel jaðarsett vegna tungumála- og menningarhindrana (Sigíður Ólafsdóttir, 2015; Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal, 2011; Hanna Ragnarsdóttir, 2007; Lovísa Rut Jónsdóttir, 2014). Skilningur, þekking og hæfni starfsfólks eru þess vegna afar mikilvæg til þess að efla virka þátttöku barna og fjölskyldna þeirra í leikskólasamfélaginu. Með stuðningi Sprotasjóðs getum við boðið okkar börnum upp á það besta sem völ er á við það að beita fjölbreyttum aðferðum og verkefnum sem fagna fjölbreytileikanum. Á þann hátt getum við haldið áfram að þróa fjölmeningarstarf Akurs.

Akur vinnur frumkvöðlastarf í málefnum tví- og fjöltyngdra barna innan Hjallastefnunnar. Með verkefni þessu er áætlað:



- Að verkþættir verkefnisins festist í sessi og verði að hversdagslegu verklagi
- að veita fjölskyldum öruggara leikskólaumhverfi
- að efla þekkingu og hæfni kennara í að koma til móts við fjölbreytileika barnanna og fjölskyldna þeirra
- að þróa leikskólaumhverfi sem fagnar fjölbreytileikanum

Viðfangsefni í fræðilegu ljósi

Fjölmenningarleg menntun er hugmyndafræði um kennsluaðferðir og námsleiðir til að mæta fjölbreytileikanum sem leggja áherslu á að efla jöfn námstækifæri allra barna (Banks, 2007). Og brennipunkturinn er að félagslegt réttlæti sé grundvallarfærni sem er nauðsynlegt að byggja á (Banks og MacGee Banks, 2010). Ennfremur er hugtakið ‚skóli magbreytikeikans‘ (e. inclusive education) sem vinnur gegn óréttlæti og mismunun nemenda og leggur áherslu á virkri þátttöku allra barna (Ferguson o.fl., 2012/2001).

Rannsóknir um fjölmenningu hafa verið gerðar á íslenskum leik- og grunnskólum á Íslandi. Hanna Ragnarsdóttir o.fl. (2015) skoðuðu nemendur af erlendum uppruna sem náðu árangri í námsrýminu með því að gera tilviksrannsókn í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Norðurlöndunum. Niðurstöður bentu til þess að íslensku leikskólarnir notuðust við ýmsar leiðir í upplýsingagjöf sem efldu jákvæð samskipti við erlendra foreldra. Þetta er vegna þess að erlendir foreldrar áttu rýrara menningar- og félagstengslanet en íslenskir foreldrar. Einnig voru starfsmenn hvattir til þess að sækja sér fræðslu og nánari þekkingu um fjölmenningu. Þeir höfðu líka tækifæri á því að notfæra fjölbreytileika sín á milli í starfi. Þar að auki var áhersla á að stuðla að virku tvítyngi barnanna. Fleiri rannsóknir benda til þess að hæfni tvítyngdra barna geti yfirferst á milli þeirra tungumála sem þau kunna sem og að málin styðji hvort við annað. Þetta á þó sérstaklega við ef tungumálaumhverfi og menntun þessara barna eru viðeigandi og við hæfi (Bialystok, 2007; Cummins & Stille, 2013; Verhoeven, 1991). Það kom einnig skýrt fram í fjölmenningarstefnu Skóla- og fristundasviðs Reykjavíkurborgar (2015) að „góð staða barna í tungumáli, bæði móðurmáli og íslensku, hefur áhrif á þróun sjálfmyndar þeirra til framtíðar“ (bls. 25). Þess vegna er mikilvægt að kennarar hafi jákvætt hugarfar eða staðhæfingu (e. affirmations) varðandi ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn nemenda og liti á þessa fjölbreytni sem auðlind til að efla virka þátttöku barnanna í skólastarfi.

Þegar litið er á árangursríkar kennsluaðferðir í leikskóla talaði Lovísa Rut Jónsdóttir (2014) um jákvæð áhrif á börn þegar fjölbreytileiki var sýnilegur í leikskólanum, eins og til dæmis myndir, skreytingar og fl. sem og efniviður sem endurspeglu daglegt líf þeirra. Einnig gerði Sahadeo (2011) starfendarannsókn þar sem hún notaði frásagnir frá ýmsum löndum og það víkkaði sýn og þekkingu barnanna. Þetta samræmist etnógrafískri rannsókn sem Marnitz og Smyth (2014) gerðu. Hún sýndi fram að kennsluaðferðir sem fela í sér tungumála- og menningarlegan fjölbreytileika væru hagkvæmar bæði fyrir tví- og eintyngd börn. Þessar kennsluaðferðir gerðu þeim kleift í að taka þátt í uppbyggilegum umræðum þar sem börnin tengja og búa til nýja þekkingu með samnemendum sínum. Til þess að geta gert það þarf meðal annars leikskólafólki að hafa góðan skilning og þekkingu á fjölbreytileika (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Það er afar mikilvægt að starfsfólk leikskóla sé



meðvitað um hvað rannsóknir segja um það sem hægt sé að færa betri til vegar. Fræðin benda til þess að börn af erlendum uppruna gætu lent á jaðrinum og upplifað félagslega og menningarlega mismunun (Hanna Ragnarsdóttir, 2007; Þórdís Þórðardóttir, 2015). Sem dæmi tók Snjólaug Elín Sigurðardóttir (2012) viðtöl við kjörfjölskyldur með ættleidd börn af erlendum uppruna og það kom fram að leikskólunum vantaði sérhæfða þekkingu varðandi aðstæður þeirra. Niðurstöður rannsókna þeirra Auðar Örnú Antonsdóttur og Ásdísar Valsdóttur (2008) voru svipaðar. Rannsókn þeirra snérist um snúbúa' eða íslensk börn sem fluttu aftur til landsins eftir að hafa búið það lengi erlendis, að þeir „eiga undir högg að sækja innan íslenska skólakerfisins“ (bls. 36). Hildur Blöndal (2010) kallar þau reyndar „þriðjumeningarbörn“ þar sem þau hafa í flestum tilfella ólíkar upplifanir miðað við jafnaldra sína á Íslandi. Það mætti auka skilning á þörfum þeirra til að veita þeim viðeigandi stuðning. Í doktorsrannsókn Ahn Dao Tran (2015) kom fram að þrátt fyrir aukinn fjölbreytileika, höfðu framhaldsskólanemendur af víetnömskum uppruna yfirleitt ekki tækifæri til að nota eða fá viðurkenndan ólíkan bakgrunn sinn. Nemendur sögðu einnig að auðlindir þeirra væru óvirkjaðar í íslenskum framhaldsskólum. Niðurstöður úr doktorsritgerð Þórdísar Þórðardóttur (2015) á fjögurra til fimm ára leikskólabörnum benti til þess að börn af erlendu bergi brotin nytu lægsta virðingarsessinn og viðurkenningu jafningja þegar litið var á notkun íslensks barnaefnis í leikskólastarfi.

Sem verkefnastjórar þróunarverkefnis ákváðum við að skoða hvernig rannsóknir tengjast á fræðasviðinu og á vettvangi. Það þarf að starfa með tilliti til gagna og faglegra efna sérstaklega á rannsóknum sem sýna árangursríkar leiðir og kennsluáðferðir í leikskólum. Það hefur verið meira en fróðlegt að lesa fræðin á þessu sviði. Þau hafa varpað ljósi á það að mörgu leyti sé hægt að bæta námstækifæri ólíkra barna með því að veita þeim fjölmennarlega menntun sem víkkar sýn allra aðila í leiksólanum þar sem allir taka þátt. Að okkar mati getur skortur á þessu leitt til skaða á leikskólalífi barna og fjölskyldna þeirra sem og getur haft langtíma áhrif á námsframvindu barnanna.

Starfsvettvangurinn

Vinnustaðurinn er staðsettur á Suðurnesjum og er Hjallastefnuleikskóli þar sem lögð er áhersla á jafnrétti. Hjallastefnan er stefna um kynjaskipt skólustarf sem Margrét Pála Ólafsdóttir þróaði frá árinu 1989 til að mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Það eru nú 17 Hjallstefnuskólar á Íslandi (Hjallastefnan ehf., 2014). Hjallastefnan hefur það að markmiði að bjóða upp á það sama fyrir bæði kynin í gegnum sömu kynjanámsskrárþættina, kynlausann og opinn efnivið og skólaföt. Það eru 6 kynjanámsskrárþættir til að efla einstaklings- og félagsfærni allra barna og eru unnir allt skólaárið. Þeir eru: agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni. Þar að auki er kynjablöndun mikilvægur hluti af skólustarfi þar sem drengir og stúlkur hittast daglega (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2014).

Í leikskólanum eru 6 kjarnar eða deildir og skipt er í yngsta-, mið- og elsta stig drengja- og stúlnakjarna. Skólanámsskrá leikskólans (2013) viðurkennir að börn séu með ólíkan bakgrunn, það vantar þó upplýsingar um hvernig leikskólastarfið styður það eindregið.

Verkþættir verkefnisins

Verkþáttur 1: Myndræn samskiptabók

Markmið - Bókin er frábært tækifæri fyrir barnið sem býr við fleiri en eitt tungumál í því að efla tungumál sín. Einnig getur hún átt stóran þátt í því að tengja fjölskyldu- og leikskólalífið. Á þann hátt er mögulegt að samstarf á milli leikskóla og heimilis geti orðið mun sterkara. Hugmyndafræðin sem liggur að baki þessum verkþætti er úr *Ljáðu mér orð* eftir Hildi Baldursdóttur og Elísabet Valgerði Magnúsdóttur þar sem að "tilgangurinn með að hafa móðurmál barnsins með í bókinni er sá að það getur veitt barninu öryggiskennd og auðveldað því að skynja nýja málið sem viðbót við móðurmálið en ekki eitthvað sem kemur í staðinn fyrir" (2007, bls. 7).



Undirbúningur - Fyrst voru kjarnastjórar sex kjarna/deilda fengnir til að afla upplýsinga um raunverulega tungumálafjölbreytni hvers og eins barns með tilliti til uppruna og reynslu barnsins. Þetta var gert með því að spyrja foreldra og forráðamenn um þau tungumál sem töluð væru á heimilinu og jafnvel um þau tungumál sem ömmur og afar barnsins töluðu. Þar á eftir voru foreldrarnir spurðir um tungumálaumhverfi og -reynslu barnsins allt frá fæðingu þess og til dagsins í dag. Við skilgreiningu á tungumálafjölbreytni barnanna er bæði tekið tillit til uppruna og reynslu þeirra.



Leiðbeiningar - Þeir foreldrar sem vilja fá samskiptabækur fá leiðbeiningar um samskiptabók á annaðhvort íslensku, pólsku eða ensku eftir því sem við á. Kennararnir útskýra síðan fyrir þeim hvernig þetta gengur fyrir sig og til hvers er ætlast til af þeim.

Í bókinni eru myndir af barninu í daglegu leikskólastarfi ásamt stuttum lýsingum á íslensku. Foreldrar hafa tækifæri á að skoða myndir með barni sínu og skrifa þar á eftir þýðingu á sínu tungumáli/um fyrir neðan íslenska textann. Þeir eru einnig hvattir til þess að setja myndir að heiman í bókina.

Barnið tekur samskiptabókina heim með sér á föstudögum. Foreldrarnir koma svo með bókina aftur í leikskólann á mánudögum og þá bæta hópstjórar við fleiri myndum (a.m.k. tvær myndir á viku). Þetta er gert vikulega.

Framkvæmd - Verkefnastjórnarnir útbjuggu bækurnar fyrir öll börnin og settu inn sex til átta fyrstu myndirnar. Það var síðan á hendi þeirra kennara sem höfðu börn í hópnum sínum sem búa við fjölbreytt tungumálaumhverfi, að setja inn myndir vikulega í samskiptabókina. Einnig var það þeirra hlutverk að styðja foreldranna og efla þá til samstarfsins hvað bókina varðaði. Kjarna-/deildarstjórnarnir báru höfuðábyrgð á því að

efla kennarana til dáða og að myndir væru settar inn reglulega. Annar verkefnastjóranna var kennurunum innan handar og reyndi eftir allra besta megni að styðja þá og virkja. Þegar til kastanna kom var mikill misbrestur á því á milli kjarna/deilda hversu fljótt foreldrar/forráðamenn skiluðu bókunum inn aftur eftir að hafa haft þær með heim og hversu duglegir kennararnir voru að setja inn myndirnar þrátt fyrir hvatningu verkefnastjóra. Á sumum kjörnunum/deildunum gekk þetta eins og smurt fyrir sig en öðrum alls ekki. Bæði kennarar og kjarnastjórar höfðu fengið fræðslu um verkþáttinn sem og verið hvattir til dáða reglulega allan tímann.

Verkþáttur 2: Upplýsingar á ýmsum tungumálum

Meginmarkmið verkþáttarins er að hafa upplýsingar um leikskólastarfið sem aðgengilegastar fyrir foreldra.

Framkvæmd - Hjallastefnubæklingar, upplýsingar um aðlögun og skólaföt barna, vistunarsamningur, upplýsingar um nemendur, og gátlisti fyrir foreldraviðtöl voru þýdd á ensku og pólsku. Þýðingar eru aðgengilegar fyrir kennara og starfsfólk í sérstakri fjölmeningarmöppu á prenti og í rafrænu formi á Google drifi þar sem unnt er að prenta út. Í foreldraviðtölum og jafnvel í daglegu starfi eru tvítyngdir starfsmenn og foreldrar hvattir til að túlka fyrir hina foreldrana. Einnig voru kennararnir hvattir til að nota túlk eða þýðanda ef þörf krafði. Kennari hafði þá samband við verkefnastjóra sem pantaði túlkabjónustu.

Verkþáttur 3: Kynnumst tungumálum inni á kjörnunum

Meginmarkmið þessa þriðja verkþáttar er að fagna tungumálafjölbreytni í leikskólanum. Sýna starfsfólki sem og nemendum fram á verðmæti, gildi og þýðingu allra þeirra tungumála sem töluð eru hér fyrir fjölbreytileikann í leikskólanum. Vekja athygli þeirra sem eru á Akri á því að fjölbreytt menning og tungumál geta verið tækifæri og styrkur en þurfa alls ekki að vera veikleikar og hindranir.

Áætlun - Fyrri hluti verkþáttarins fer fram í samskiptalotu á haustönn. Kynnt verða þau tungumál sem töluð eru á kjarnanum/deildinni og stefnt verður að því að foreldrar taki virkan þátt í að kynna eigið móðurmál. Ef aðeins er töluð íslenska á kjarnanum velur starfsfólk þau tungumál sem kynnt verða og tekið er tillit til hvaða tungumála nemendahópurinn hefur áhuga á að kynnst. Seinni hluti verkþáttarins fer síðan fram á vorönn en þá verða öll tungumál sem töluð eru á leikskólanum kynnt á föstudögum.

Leiðbeiningar - Hver kjarni fyrir sig ber ábyrgð á því að finna út hvaða tungumál börnin, fjölskyldur þeirra og starfsmenn tala og að allir í kjarnanum fái að kynnst



tungumálunum. Þar að auki á að vera tækifæri til þess að skoða og ræða um myndir, bækur, handverk, o.fl. frá þeim löndum/stöðum þar sem tungumálin eru töluð. Foreldrum eru afhentar leiðbeiningar um verkefnið sem eru þýddar yfir á ensku, arabísku, albönsku, pólsku og dönsku. Í leiðbeiningunum eru líka dæmi um hvað foreldrarnir og börnin geti komið með.



Framkvæmd: Fyrri hluti - Samskiptalotan er þriðja lotan í lotukerfi Hjallastefnunnar. Í henni er lögð áhersla á samskipti í víðustu mynd. Lotan er í raun og veru eineltisáætlun Hjallastefnunnar því að í henni er nemendum kennt að virða landamæti annarra sem og að standa saman um jákvæða framkomu og hegðun. Þannig má segja að hún snúist um félagslega jákvæðni. Hér þykir meðal annars kjörið að taka fyrir viðfangsefni sem varða fjölmenningu, fjölbreytt þjóðerni og tungumál, ólík sambúðarform fólks, fötlun og fleira sem skapar sérstöðu frá heildinni. (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2014).



Vegna þessa þótti vel við hæfi að hefja kynningu tungumálanna í Samskiptalotunni. Það var ábyrgð kjarnastjóranna að kynna þau tungumál á kjarnanum fyrir nemendum. Þeir gátu samt leitað til verkefnastjóra eftir aðstoð ef þörf var fyrir. Orðskýringar voru á töflu fyrir framan kjarna og fáanar þeirra nemenda sem töluðu það tungumál sem kynnt var. Nemendur sem töluðu málið stóðu fyrir miðju í samveru nemenda, héldu á fána sínum og tóku fullan þátt í að kynna málið. Það var mismunandi á milli kjarna hversu vel kynningarnar gengu. Þrír af sex kjörnum kynntu þau tungumál sem töluð eru þar en þrír kjarnar komust ekki í gang með kynningarnar þrátt fyrir hvatningu verkefnastjóra.



Seinni hluti: Vegna þess hversu misvel kynningarnar gengu í samskiptalotu var ákveðið að halda föstudags tungumálakynningarnar á söngfundum. Söngfundir eru haldnir á hverjum föstudegi á Akri og þá eru yngstu drengir og stúlkur saman mið stúlkur og drengir og elstu drengir og stúlkur. Verkefnastjóri setti fána og orðskýringar á töflur fyrir framan alla kjarnana og mætti á söngfundina og kynnti tungumál vikunnar. Þetta fyrirkomulag gekk að mati allflestara sem hlut áttu að máli afar vel fyrir sig og nemendur voru almennt mjög áhugasamir og tóku virkan þátt. Sumir foreldranna





höfðu einnig samband við verkefnastjóra og buðu fram aðstoð sína við að útbúa orðskýringar.

Verkpáttur 4: Fræðsla fyrir starfsfólk

Markmið - Að þróa jákvætt viðhorf starfsmanna gagnvart fjölbreytileikanum á leikskólanum sem og að efla þekkingu þeirra hvað fjölmenningu og innleiðingu fjölmenningarstarfs í leikskólastarfið varðar.

Undirbúningur - Verkefnastjórnir söfnuðu upplýsingum um rannsóknir og hagnýtum upplýsingum um hvað er í boði og hvað er til ráða. Leikskólastarfsfólk var hvatt til að skrifa spurningar og setja í spurningakassa fyrir fræðsluna og þannig fengu verkefnastjórar innsýn í þekkingu starfsmanna og hvað helst vantar upp á. Þeir skipulögðu einnig kynningu fyrir leikskólastarfmenn Akurs í starfsmannafræðslunni, í samvinnu við Fríðu Bjarney Jónsdóttur, verkefnastjóra fjölmenningar SFS Reykjavíkurborgar.

Framkvæmd - Starfsmannafræðslan fór fram þann 16. september 2016 frá kl. 9.00 til 11.30. Verkefnastjórnir kynntu fjölmenningarstarf Akurs, fjölmenningu á Íslandi og tvítýngi og málþróun tvítýngdra barna. Þar að auki spilaði starfsfólkið spil í hópum þar sem það þurfti að spila án þess að mega tjá sig og mismunandi reglur voru í hverjum hóp. Þannig að þegar fólk fluttist á milli hópa þá þurfti það að skilja reglurnar og vera skilið án munnlegrar tjáningar. Þetta reyndi á þolinmæðina hjá mörgum. Markmiðið var að finna á eigin skinni hvernig það væri að skilja lítið sem ekkert og að vera ekki skilinn. Umræður spunnust síðan um mismunandi viðhorf gagnvart fjölbreytileikanum á leikskólanum. Að síðustu hélt Fríða Bjarney Jónsdóttir kynningu um móðurmál og íslensku sem annað mál í leikskólastarfi Reykjavíkurborgar.

Fyrir utan starfsmannafræðsluna voru verkefnastjórnir með reglulega fundi með umsjónarmönnum verkefnisins (leik- og framkvæmdastjóra leikskólans) og á lotufundum starfsfólks varðandi fjölmenningarstarfið.

Verkpáttur 5: Fræðsla eða spjall við foreldra (Tölum saman - Vinnum saman)

Markmið - Að bjóða foreldrum upp á vettvang fyrir umræður um leikskólastarf. Markmiðið er að styrkja tengslin við foreldra fjölyngdra barna sem og að virkja þá og efla til virkrar þátttöku í starfinu. Foreldrar eru sérfræðingar í lífi barna sinna og starfsfólk leikskólans er sérfræðingar í náms- og félagsumhverfi ungra barna. Á þann hátt er saman hægt að byggja ennþá betri leikskóla fyrir nemendur.

Áætlun - Fræðsla um fjölmenningu verður haldin fyrir foreldra allra barna tvisvar á hverju skólaári þ.e. haustönn og vorönn eftir að fræðsla fyrir starfsfólk hefur verið haldin. Notast verður við túlka í fræðslunni eftir því sem þörf er fyrir. Tilkynning var samin á íslensku en var síðan þýdd yfir á ensku, spænsku og pólsku.

Framkvæmd - Því miður féll foreldraspjall niður vegna ófyrirsjáanlegra orsaka og manneklu. Ýmsar aðrar leiðir voru þó prófaðar til þess að efla samstarfið á milli heimilis nemenda með fjölbreyttan tungumálabakgrunn og leikskóla. Á meðal þess sem gert var í



Því markmiði voru t.d. auka foreldrafundir foreldra tví- og fjöltyngdra barna við verkefnastjóra fjölmenningarstarfs og það að virkja foreldra til samstarfs með tilliti til kynninga tungumála, þýðinga og túlkunnar.

Verkpáttur 6: Fjölmenningarmappa

Í fjölmenningarmöppunni eru meðal annars upplýsingar og bæklingar sem þýddir hafa verið á ensku pólsku og í sumum tilfellum önnur tungumál (sjá verkpátt 2). Þar að auki eru þar með meiru fróðleiksmolar um tvítyngi, orðaforða, og máltöku tví- fjöltyngdra barna sem og fræðilegt efni og faglegar greinar sem geta nýttst starfsfólkinu í starfinu með nemendur með fjölbreyttan tungumálabakgrunn.

Markmið: Að auka aðgengi starfsfólks að upplýsingum og faglegu efni sem nýtist vel og er gagnlegt í starfinu með börn sem búa við fjölbreytt tungumálaumhverfi. Að mappan sé viðbót við starfsmannafræðsluna, að starfsfólk sé hvatt til að nýta sér hana og að lesa faglegu greinarnar til að vera vel upplýst. Að starfsfólk geti notað sér þá þekkingu sem það fær úr möppunni á virkan hátt í daglegu starfi.

Áætlun - Allar upplýsingar sem þýddar hafa verið á önnur tungumál en íslensku á að setja í möppuna þannig að allt starfsfólk hafi sem best aðgengi að þeim þegar þörf geri ráð fyrir. Verkefnastjórar viði að sér í samvinnu við starfsfólk því faglega efni og þeim fróðleik sem þurfa þyki. Að þörfin fyrir faglegt efni á þessu sviði sé sífellt í skoðun með tilliti til þarfa bæði nemenda og starfsfólks.

Framkvæmd: Allar upplýsingar sem þýddar hafa verið á önnur tungumál eru nú í möppunni og nýjar bætast jafnóðum við. Verkefnastjórar hafa víðað að sér því faglega efni sem hefur verið gagnlegt og nauðsynlegt í fjölmenningarstarfinu. Mappan hefur verið kynnt fyrir starfsfólki og farið yfir hana með því í starfsmannafræðslu, á starfsmannafundum og stundum þegar það er í undirbúningi.

Ávinningar og ályktanir

Markmið verkefnisins var að þróa og festa í sessi fjölmenningarstarfið í leikskólanum til að efla og stuðla að virkri þátttöku allra barna. Það kom skýrt í ljós hversu mikil þörf er fyrir markvisst fjölmenningarstarf Akurs, vegna sí aukinnar menningar- og tungumálafjölbreytni í leikskólanum. Stöðug þörf er fyrir að þróa jákvæð viðhorf og frumkvæði alls leikskólafólks sem og efla það og styrkja í að koma til móts við fjölbreytta þörf leikskólabarna sem búa við fleiri en eitt tungumál og menningu.

Eitt af grundvallaratriðum skóla margbreytileikans er að afla sér bakgrunnsupplýsinga um börnin en þær geta að sjálfsögðu haft umtalsverð áhrif á nám þeirra (Ferguson, o.fl., 2010). Þessar upplýsingar nýtast til þess að koma sem best til móts við þarfir og reynslu hvers barns. Þegar verkefnið var framkvæmt þurftu leikskólafólksmenn að skapa umræður um raunverulega fjölbreytni og kynnast börnunum og fjölskyldum þeirra betur. Verkefnið fólst einnig í því að sýna foreldrum fram á að leikskólinn vill efla samstarf og samræður við þá. Ólík reynsla og upplifanir barna og fjölskyldna þeirra eiga að vera notaðar sem auðlindir til að skapa viriðingasess barna (Anh Dao Tran, 2015; Hanna



Ragnarsdóttir, 2015; Hildur Blöndal, 2014; Snjólaug Elín Sigurðardóttir, 2012; og Þórdís Þórðardóttir, 2015). Óformleg könnun okkar leiddi í ljós að á þeim kjörnum þar sem starfsfólkið náði að tileinka sér og innleiða fjölmennningarverkefnið til fulls hefur foreldrasamstarfið verið betra. Þar að auki sýnist okkur börnin á þessum kjörnum að öllu jöfnu aðlagast mun betur bæði íslenskri menningu og tungumáli, þegar þeirra mál og menning hlýtur opinbera viðurkenningu og virðingu og komið er til móts við þarfir þeirra.

Öll börn koma á leikskólann með mismunandi veganesti, þekkingu og reynslu. Það þarf að notfæra sér þessar auðlindir og byggja þær upp, í staðinn fyrir að halda þeim fyrir utan leikskólann. Barnið þarf að fá rými til þess að tengja fyrri þekkingu og færni við það nýja. Þess vegna er hlutverk samstarfs barna, foreldra og leikskóla á jákvæðan og virðulegan hátt mjög mikilvægt. Talsvert er um að börn og foreldrar skilji ekki starfsmann og hann ekki þá, þess vegna getur auðveldlega orðið misskilningur. Starfsfólk þarf af þeim sökum að temja sér þolinmæði, umburðarlyndi, háttvísi og virðingu í samskiptum við börn og foreldra þeirra og ef þessar aðstæður komi upp þá er brýnt að biðja um aðstoð verkefnastjóra.

Eitt mikilvægasta markmið verkefnisins var að virða og viðurkenna að fjölbreytni nemenda væri auðlind sem hægt væri að nota í leikskólastarfi. Þeir foreldrar barna með fjölbreyttan tungumálalaggrunn sem við höfum verið í sambandi við hafa allir lýst ánægju sinni með verkefnið og margir foreldrar hafa lagt hönd á plóg. Sum börn voru lífsglöð að fá að heyra heimamál sitt í leikskólanum. Sum börn sem byrjuðu að segja fyrstu orðin sín í leikskólanum voru ófeimin við að tala á sínu tungumáli þar og náðu að tengja orðin beint yfir á íslensku (e. tanslanguaging). Rannsóknir hafa sýnt fram að þegar námsrými barna sé við hæfi og vinni að jákvæðum staðhæfingum (e. positive affirmations) um bakgrunn þeirra, þá séu börnin mun virkari í að taka þátt í skólastarfi (Cummins og Stille, 2013). Þegar börnin hafa tungumálaumhverfi sem styðst við bæði tungumálin í staðinn fyrir að útiloka hin/hitt tungumálið, geta þau myndað tengsl og yfirfært þekkingu á milli tungumálanna (Bialystok, 2007; Verhoeven, 1991). En verkefnið er ekki einungis bara fyrir tvítýngd börn heldur er það hagkvæmt líka fyrir öll börn. Eintýngd börn læra t.d. að bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum og víkka sjóndeildarhringinn. Þau börn sem tóku þátt í mismunandi verkþáttum áttu uppbyggilegar samræður og mynduðu einnig tengsl sín á milli hvaðan sem þau komu sem samræmist rannsóknum Sahadeo (2011) og Marnitz og Smyth (2014).

Hinsvegar voru alskonar hindranir í verkefninu. Ein helsta hindrunin var sú að ráðning beggja verkefnastjóranna sem ráðnir voru að þróunarverkefninu var einungis í hlutastarfi. Annar þeirra þurfti þar að auki að fara í launalaust leyfi vegna óviðráðanlegra fjölskylduaðstæðna. Hinn sem er í fullu starfi sem kjarnastjóri fékk takmarkaðan tíma til að framkvæma alla verkþætti fjölmenningarstarfsins. Leikskólinn glímdi á tímabilinu við manneklu þannig að það gat af þeim sökum myndast skortur á ítarlegri eftirfylgni.

Samkvæmt Michael Fullan (2015) mistakast flest fagleg þróunarverkefni vegna þess hversu algengt það sé að þau nái aldrei inn í skólastofuna/deildina til nemendanna og hafi þess vegna ekki áhrif á nám þeirra. Ástæðan fyrir þessu geti á meðal annars verið skortur á eftirfylgni, fræðslu og of lítil þjálfun (Fullan, Hord og von Frank, 2015). Í sumum tilfellum getur vantað upp á stuðning og utanumhald skólastjórnenda í ferlinu. Í öðrum tilvikum getur hins vegar tímaskortur, skortur á námsefni eða nauðsynlegri tækni haft neikvæð áhrif á tilraunir



kennarana til að breyta starfsháttunum í skólastofunni/deildinni (Guskey, Roy og Von Frank, 2014). Það er engu að síður mögulegt að innleiða breytingaferli og forustan skipti miklu máli með tilliti til þess (Fullan, 2001).

Að okkar mati tóku skólastjórnendur eins diggan þátt í að hvetja, efla og styðja starfsfólkið hvað fjölmennningarverkefnið varðar eins og þeim var unnt. Verkefnastjórar útbjuggu orðskýringar, fána og samskiptabækurnar þannig að starfsfólkið hafði kynningu á og aðgang að því námsefni sem það þurfti að nota við lausn verkefnisins. Við teljum engan hafa verið í djúpu lauginni. Við upplifum að verkefnið hafi heppnast eins vel og hægt hafi verið miðað við aðstæður. Ástæðan fyrir því að ekki allir kjarnarnir tóku þátt hvað varðar kynningar tungumála í samskiptalotu og að setja inn myndir í samskiptabækur hafi verið fyrrnefndur tímaskortur. Eftirfylgnin hafi hreinlega ekki verið nægileg. Verkefnastjórar þurfi fleiri tíma vikulega til að vinna að verkefninu. Á þann hátt sé mögulegt að hvetja og styðja starfsfólk betur við að vinna að verkþáttum verkefnisins og þannig fáist betra ut anumhald. Nauðsynlegt sé að halda sem best utan um verkefnið sem og að vera til staðar og þá sérstaklega í innleiðingarferli þess til þess að það festist í sessi. Við metum það sem svo að leggja þurfi ennþá meiri áherslu að virkja og fræða starfsfólkið, því sumir voru mjög áhugasamir og virkir en aðrir áttu erfitt með að komast í gang með að vinna að verkþáttunum. Verkefnastjórnarnir þurfi að koma ennþá markvissara inná kjarnana og veita það ut anumhald og eftirfylgni sem þörf sé fyrir. Gera þurfi starfsfólkinu skiljanlegt að ábyrgðin á útfærslu verkefnisins sé hjá þeim og að það hafi þau verkfæri sem nauðsyn sé á s.br. fána, orðskýringar, fjölmennningarmappa og því að hafa aðgang að verkefnastjóra. Þetta á að gera starfsfólki kleift að vinna að verkþáttunum á eigin spítur og geta veitt eftirfylgni.

Með þróunarverkefni sem þessu er ljóst að unnt er að þróa fjölmenningarstarfið betur og innleiða í fleiri Hjallastefnuleikskóla. Í því markmiði að skapa leikskólasamfélag sem byggist á gagnkvæmri umhyggju, skilningi og virðingu fyrir öllum.



Heimilidir:

- Anh-Dao Tran. (2015). Untapped resources or deficient 'foreigners'. Students of Vietnamese background in Icelandic upper secondary schools (óbirt doktorsritgerð). Menntavísindasvið Há- skóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23419>.
- Auður Arna Antonsdóttir og Ásdís Valsdóttir. (2008). *Íslensk börn sem búið hafa erlendis og staða þeirra í íslenskum grunnskólum*. [Óbirt B.ed. - ritgerð] Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Banks, J. A. (2007) *Educating Citizens in a Multicultural Society*. Önnur útgáfan. New York: Teachers College Press.
- Banks, J. A. og McGee Banks, C. A. (2010). *Multicultural education: Issues and perspectives*. Sjöunda útgáfa. Hoboken, NJ: John Wiley & Sons, Inc.
- Bialystok, E. (2007). Acquisition of Literacy in Bilingual Children: A Framework for Research. *Language Learning* 57, bls. 45-77.
- Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölmennning og þróun skóla. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstj.). *Fjölmennning og skólustarf* (bls. 17-38). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Cummins, J. & Stille, S. (2013). Foundation for Learning: Engaging Plurilingual Students' Linguistic Repertoires in the Elementary Classroom. *TESOL Quarterly*, 47(3), 630-638.
- Ferguson, Dianne L., Ralph, Ginevra., Meyer, Gwen., Lester, Jackie., Droege, Cleo., Guðjónsdóttir, Hafdís., Sampson, Nadia Katul. og Williams, Janet. (2012). *Nám fyrir alla* (Ásta Björk Björnsdóttir þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan. (Upphaflega gefið út 2001).
- Fullan, M. (2001). *Leading in a Culture of Change*. San Fransisco: Jossey-Bass. Sótt af: <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED467449.pdf>
- Fullan, M., Hord, S. og von Frank, V.(2015). *Reach the highest standard in professional learning. Implementation*. California: Corwin.
- Guskey, T.R., Roy, P. og Von Frank, V. (2014). *Reach the highest standard in professional learning. Data*. California: Corwin.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2015). *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries (2013-2015)*. Report on main findings from Finland, Iceland, Norway and Sweden. Sótt af http://lsp2015.hi.is/sites/lsp2015.hi.is/files/eddakjar/lsp_final_report_formatted.pdf.
- Hildur Baldursdóttir og Elísabet Valgerður Magnúsdóttir. (2007). *Ljáðu mér orð: myndræn orðabók fyrir börn með annað móðurmál en íslensku*. Óbirt B-ed ritgerð: Háskóli Íslands.
- Hjallastefnan ehf. (2014) Skólarnir. Sótt frá vefsíðu *Hjallastefnan*. Sótt af www2.hjalli.is/skolarnir.



Leikskólinn Akur. (2013) Leikskólinn Akur: Skólanámskrá. Endurskoðuð árið 2013 með tilliti til nýrrar Aðalnámskrár leikskóla. Sótt af <http://www.hjalli.is/akur/skjalasafn/akur17.pdf>.

Lovísa Rut Jónsdóttir. (2014). *Leikskólinn í fjölbreytilegu menningarumhverfi*. [Óbirt meistaraprófsritgerð]. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Hildur Blöndal. (2010). Þriðjumeningarbörn: Reynsla íslenskra ungmenna af búsetu og skólagöngu erlendis. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólustarf* (bls. 229 – 251). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum og Háskólaútgáfan.

Margrét Pála Ólafsdóttir. (2014). Í Lilja Sigurðardóttir (ritstjóri). Hjallastefnan: Handbók leikskóla. bls. 79. Reykjavík: Hjallastefnan ehf.

Marnitz, G. & Smyth, G. (2014). Creating a multilingual classroom environment for monolingual and multilingual children in Scotland. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. *Netla - Vef tímarit um upplæddi og menntun*. Grein birt 31.12.2014.

Skóli- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). *Skýrsla starfshóps um móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku*. Sótt þann 09. mars 2016 af: http://reykjavik.is/sites/default/files/lokask_rsla_starfsh_ps_um_m_urm_iskennslu.pdf

Sahadeo, Raywatee. (2011). *Storytelling and Writing for Multicultural Awareness in Icelandic Schools: An action research in two parts*. [Óbirt meistaraprófsritgerð]. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Snjólaug Elín Sigurðardóttir. (2012). *Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna á Íslandi: undirbúningur, fræðsla og stuðningur*. [Óbirt meistaraprófsritgerð]. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Verhoeven, L. (1991) Acquisition of biliteracy. In J.H. Hulstijn and J.F. Matter (eds) *Reading in Two Languages* (pp. 61–74). Amsterdam: AILA.

Þórdís Þórðardóttir. (2015). Virðingarsess leikskólabarna. Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum. Menntavísindasvið Háskóla Íslands: *Netla – Vef tímarit um upplæddi og menntun*. Grein birt 31. ágúst 2015.